

Skólaráðsfundur, 1. fundur

Mætt: Gróa, Guðný, Auður, Ragnheiður, Haraldur, Bryndís, Arnór Daði, Bergur Daði, Víðir

- Fyrir skólaárið 2016-2017 sitja eftirtaldir í skólaráði:
 - Haraldur Axel Einarsson, skólastjóri
 - Gróa Björk Hjörleifsdóttir og Guðný Kristjánsdóttir, fulltrúar kennara
 - Auður Gunnarsdóttir, fulltrúi annarra starfsmanna en kennara
 - Ragnheiður Garðarsdóttir, fulltrúi foreldrafélags Heiðarskóla
 - Arnór Daði Jónsson og Bergur Daði Ágústsson, fulltrúar nemendaráðsins
 - Víðir Sveins Jónsson, fulltrúi grenndarsamfélagsins
- Fundartímar í vetur
 - Heppilegir tímar fyrir fundi skólaráðs ræddir. Skólastjóri leggur til þriðjudag eða fimmtudag. Fimmtudagur ákveðinn. Stefnt er á að fundartími verði 11.50-12.30.
- Skólabyrjun og skólaárið
 - Haraldur segir frá mönnun á skólaárinu. Breytingar á stjórnunarteymi, Pórey ráðin sem deildarstjóri eldra stigs eftir að Bryndís Jóna varð aðstoðarskólastjóri. 9 leiðbeinendur - vel menntað fólk. Haraldur lýsir áhyggjum sínum af stöðunni í kennarastéttinni. Lítil nýliðun og reynist æ erfiðara að fá menntaða kennara til starfa. Haraldur segir frá upplifun sinni af ráðstefnu sem hann sat sem bar yfirskriftina *Viljum við samfélag án kennara?*
 - Viðburðir á skólaárinu, stiklað á stóru: 7. bekkur hefur þegar farið að Reykjum. Samræmd próf í fyrsta sinn með rafrænum hætti. Mikill munur á utanumhaldi og skipulagi í kringum prófin. Upplifun okkar af nemendum var góð, viðhorf þeirra og upplifun virtist vera góð. Samræmd próf í 9. og 10. verða í mars. Þorgrímur Þráinsson kom í heimsókn og hitti 10. bekk með fyrirlesturinn *Verum ástfangin af lífinu* og 5.-7. bekk á sal með fyrirlesturinn *Sterk liðsheild*. Stóra upplestrarkeppnin hefst á Degi íslenskrar tungu, 16. nóvember og svo er skertur nemendadagur 25. nóvember. Guðný hefur kynnt sér verkefnið Þjóðleik og handrit og framkvæmd er í skoðun. Útskriftarferð 10. bekkinga er í lok maí og stefnt á að foreldrar séu hafðir með í ráðum um hvað verður gert. Skólaslit 2.júní.
- Starfsáætlun

- Haraldur segir frá tilgangi starfsáætlunar, sem send var á rulltrúa skólaráðs fyrir nokkru síðan og bað um ábendingar. Arnór Daði og Bergur Daði, fulltrúar nemenda, gera athugasemdir við nemendaráðskaflann. Víðir, fulltrúi grenndarsamfélagsins, óskar eftir að breytingar verði merktar inn svo þær séu sýnilegar fulltrúum í skólaráði. Bergur Daði spyr hvort rétt sé að skólaráð fundi með stjórn nemendafélagsins eins fram kemur í starfsáætlun. Haraldur ætlar að breyta setningunni sem spurt er um. Verður á þá leið að formaður og varaformaður koma með mál nemendaráðs á skólaráðsfundi. Ragnheiður lýsir yfir ánægju sinni á að kynjahlutfall í skólaráði sé jafnt.
- Námsferð starfsmanna
 - Bryndís Jóna, aðstoðarskólastjóri og ritari skólaráðs, segir stutt frá ferð starfsfólks til Edinborgar og hvað verður gert á starfsdögum, miðvikudag og fimmtudag.
- Fjárhagsáætlun
 - Haraldur segir frá fjárhagsáætlun. Nefnir t.d. þætti eins og kaup á húsgögnum sem ávallt eru settar inn í fjárhagsáætlun en svo kemur í ljós hvort orðið verður við þeim fjármagnsósókum. Óvissuþættir eins og kjaramál kennara. Víðir spyr hvernig gangi með rusl og flokkun. Haraldur segir að það gangi mjög vel, klár sparnaður og gengur alltaf betur og betur með flokkun. Græn skref ganga sem sagt vel. Haraldur bendir á að við þurfum að hugsa þetta stórt, snýst ekki eingöngu um sparnað og flokkun í dag heldur það að ala nemendur upp í umhverfisvænni hugsun hvað sorp og sóun matvæla varðar. Einhvers staðar verður að byrja og skólinn er stór vinnustaður. Hefur áhrif út í samfélagið.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.